

59
20. apríl

RÍKISSTJÓRABRÉF
um frestun á fundum Alþingis.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis frá þeim degi, er ekki þykir ástæða til lengra þinghalds að sinni, þar til síðar á árinu, þó ekki lengur en til 1. september 1943.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Björn Þórðarson.

60
29. apríl

L Ö G

um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Óheimil för inn á bannsvæði herstjórnar eða óheimil dvöl þar varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við að lögum, enda hafi bannsvæði verið auglýst, og sé það afgirt eða för inn á það eða um það bönnuð með merkjum eða með öðrum glöggum hætti.

2. gr.

Mál vegna brota á ákvæðum 1. gr. fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Einar Arnórsson.